

Miðvikudaginn 20. desember 1939.

Nr. 92/1939. **Réttvísinn** (Sveinbjörn Jónsson)  
gegn

**Einari Pálma Einarssyni**

(Theódór B. Línal).

Brot samkvæmt 10. gr. laga nr. 51 frá 1928.

### **Dómur hæstaréttar.**

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Eftir þessum málsúrslitum ber ákærða að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málf lutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 50 krónur til hvors.

### **Því dæmist rétt vera:**

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Einar Pálmi Einarsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málf lutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálf lutningsmannanna Sveinbjörns Jónssonar og Theódórs B. Línal, 50 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

### **Dómur aukaréttar Reykjavíkur 26. ágúst 1939.**

Ár 1939, laugardaginn 26. ágúst, var í aukarétti Reykjavíkur, sem haldinn var í hegningarhúsinu af hinum reglulega dómara Jónatan Hallvarðssyni, settum lögreglustjóra, uppkveðinn dómur í málinu nr. 1802/1939: Réttvísinn gegn Einari Pálma Einarssyni, sem tekið var til dóms sama dag.

Mál þetta er af réttvísinnar hálfu höfðað gegn Einari

Pálma Einarssyni, atvinnulausum, til heimilis í Kirkjustræti 2 hér í bæ, fyrir brot gegn lögum nr. 51 7. maí 1928 um nokkrar breytingar til bráðabirgða á hegningarlöggjöf-inni og viðauka við hana.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 3. apríl 1898, og hefir, svo kunnugt sé, sætt eftirtöldum kærnum og refsingum:

- 1929  $1\%$  Sætt 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.  
 1930  $3\%$  Sætt 50 kr. sekt fyrir sama.  
 1930  $1\frac{1}{4}\%$  Sætt 50 kr. sekt fyrir sama.  
 1930  $1\frac{5}{8}\%$  Sætt 50 kr. sekt fyrir sama.  
 1931  $1\frac{1}{2}\%$  Sætt 50 kr. sekt fyrir sama.  
 1931  $3\%$  Sætt 10 kr. sekt fyrir áflog á almannafæri.  
 1932  $2\frac{1}{3}\%$  Sætt 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.  
 1933  $1\frac{1}{6}\%$  Sætt 50 kr. sekt fyrir sama.  
 1934  $1\frac{1}{2}\%$  Sætt 50 kr. sekt fyrir sama.  
 1934  $\frac{9}{3}\%$  Dómur aukaréttar Reykjavíkur: 20 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi, skilorðsbundið, fyrir þjófnað.  
 1934  $1\%$  Sætt 500 kr. sekt fyrir áfengissölu.  
 1934  $2\frac{1}{6}\%$  Sætt 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.  
 1934  $2\%$  Sætt 200 kr. sekt fyrir áfengislagabrot.  
 1934  $2\frac{8}{12}\%$  Dómur aukaréttar Reykjavíkur: 60 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi fyrir þjófnað.  
 1934  $3\frac{0}{12}\%$  Sætt 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.  
 1935  $\frac{1}{4}\%$  Dómur hæstaréttar: 2ja mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi fyrir brot gegn 10. gr. laga nr. 51 1928.  
 1935  $\frac{3}{6}\%$  Sætt 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.  
 1935  $2\%$  Dómur lögregluréttar Reykjavíkur: 300 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri. Staðfest í hæstarétti 26. febr. 1936.  
 1935  $1\frac{8}{11}\%$  Sætt 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.  
 1936  $2\frac{0}{1}\%$  Dómur hæstaréttar: 300 króna sekt fyrir brot gegn 18. sbr. 38. gr. laga nr. 33 1935 og 7. og 9. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur.  
 1936  $2\frac{2}{5}\%$  Sætt 25 króna sekt fyrir ölvun á almannafæri.  
 1936  $3\%$  Sætt 25 kr. sekt fyrir sama.  
 1937  $1\frac{1}{4}\%$  Sætt 25 kr. sekt fyrir sama.  
 1937  $2\frac{1}{4}\%$  Sætt 25 kr. sekt fyrir sama.  
 1937  $2\frac{7}{8}\%$  Sætt 25 kr. sekt fyrir sama.

- 1937 <sup>3</sup>/<sub>10</sub> Dómur aukaréttar Reykjavíkur: 60 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi og 300 kr. sekt fyrir brot gegn 10. gr. laga nr. 51 1928 og 18. sbr. 38. gr. áfengislaganna. Staðfest í hæstarétti 8. des. 1937.
- 1938 <sup>1</sup>/<sub>10</sub> Dómur lögregluréttar Reykjavíkur: 30 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi og 1500 kr. sekt fyrir áfengissölu. Staðfest í hæstarétti 5. des. 1938.
- 1938 <sup>1</sup>/<sub>11</sub> Sætt 25 kr. sekt fyrir brot á 17. gr. áfengislaganna.
- 1938 <sup>7</sup>/<sub>12</sub> Sætt 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 1939 <sup>9</sup>/<sub>4</sub> Sætt 25 kr. sekt fyrir sama.
- 1939 <sup>9</sup>/<sub>6</sub> Sætt 25 kr. sekt fyrir sama.
- 1939 <sup>1</sup>/<sub>8</sub> Sætt 25 kr. sekt fyrir sama.

Að undanförunu hefir lögreglan haft sterkan grun um, að ákærði hefði ofan af fyrir sér með áfengissölu hér á götum bæjarins, en í bænnum hefir hann verið óslitið, frá því hann var látinn laus af vinnuhæli ríkisins á Litla-Hrauni hinn 12. marz síðastliðinn. Á þessu tímabili hefir hann flesta daga verið á rölti í Hafnarstræti og götunum við höfnina og að áliti lögreglunnar hagað sér á sama hátt og þeir menn, sem orðið hafa uppvisir að því að selja áfengi á götum bæjarins. Ekki hefir ákærði, að eigin sögn, á þessu tímabili þegið sveitarstyrk og ekki er vitað, að hann hafi unnið neitt. Undir rannsókn málsins hefir ákærði eindregið neitað að hafa selt áfengi, en með tilliti til þeirra málavaxta, sem nú hafa verið taldir, og fortíðar ákærða hefir honum samkvæmt 10. gr. laga nr. 51 1928 verið boðið að skýra frá, af hverju hann hafi haft framfærslu sína á þessu umrædda tímabili. Frá þessu hefir ákærði neitað að skýra. Ber því að dæma hann samkvæmt 10. gr. laga nr. 51 1928 og þykir refsing hans, með tilliti til fortíðar hans, hæfilega ákveðin fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 5 mánuði.

Ákærða ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar. Rekstur málsins hefir verið vitalaus.

**Því dæmist rétt vera:**

Ákærði, Einar Pálmi Einarsson, sæti fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 5 mánuði.

Hann greiði allan sakarkostnað.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.